

10. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 6, 31. maí 1921.

(Lagt fyrir Alþingi 1922).

1. gr.

Í stað »1922« i 3. málsg. 2. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921, um sedlaüt-
gáfurjett Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., komi: 1923.

Ef frekari seðlaútgáfa en sú, er ræðir um í þeim lögum, sem í 1. málsg. getur, er óhjákvæmileg vegna viðskifta innanlands, er landsstjórninni heimilað að sjá fyrir þeirri seðlaútgáfu á þann hátt, sem hún telur hagkvæm-
astan, þó þannig, að sá banki, sem útgáfu þessa tekur að sjer, greiði það gjald
fyrir, að hann verði að teljast hafa hvorki ábata eða halla af útgáfunni.

2. gr.

4. gr. áðurnefndra laga orðist svo:

Bankinn skal greiða gjald í rikissjóð eins og hjer segir:

- a) Ef seðlaútgáfan fer eigi fram úr 6 miljónum króna, greiðist það gjald, sem ákveðið er í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.
- b) Ef seðlaútgáfan er yfir 6 og alt að 7 miljónum, greiðist 2% aukagjald af þeim hluta 7. miljónarinnar, sem ekki er málmtrygður eftir ákvæðum laga nr. 66, 10. nóv. 1905.
- c) Ef útgáfan er yfir 7 miljónir króna, greiðir bankinn af því, sem fram yfir er, gjald, sem er 2% undir forvöxtum hans, þó að eins af þeim hluta, sem ekki er málmtrygður. Gjald það, er ræðir um í b.- og c.-lið, telst eftir seðlum, sem í umferð eru í lok hvers mánaðar, og greiðist gjaldið í rikissjóð í hvers mánaðar lok.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag þess almanaksmánaðar, sem næstur fer á eftir staðfestingu þeirra.

Athugasemdir.

Í lögum nr. 6 1921 er gert ráð fyrir, að Alþingi 1922 setji lög um, hvernig seðlaútgáfu hjer á landi skuli komið fyrir til frambúðar, en þetta mál þarf grandgæfilegrar athugunar við og er ekki enn svo athugað sem skyldi, enda varlegast á þeim tímum, sem nú standa yfir, að hrapa ekki að breytingum í peningamálunum. Það hefir því þótt rjettast að skjóta því á frest til þings 1923 að setja frambúðarákvæði um seðlaútgáfuna, en fela stjórninni að ráða fram úr málinu til þess tíma, á þann hátt, sem nánara segir í frv. Er svo gert ráð fyrir, að málið verði þegar eftir þetta þing tekið til grandgæfilegrar athugunar, og geti því starfi orðið lokið fyrir næsta þing.

Seðlaútgáfa Íslandsbanka var í janúarlök þ. á. rúmar 6 milj. kr. og hefir lækkað mjög hina síðustu mánuði, svo að vera má, að til þings 1923 þurfi ekki að auka seðlaútgáfu verulega frá því, sem gildandi lög gera ráð fyrir.

Í 2. gr. er stungið upp á breytingum á afgangsskjörum bankans í tveim atriðum, fyrst og fremst því, að bankinn greiði ekki gjald af hinum málmtrygðu seðlum, og í öðru lagi, að afgangið sje lækkað nokkuð af þeim ótrygðu seðlum, sem eru yfir 7 milj. kr.

Um fyrra atriðið er þess að geta, að það er mikilsvert fyrir álit bankans og seðla hans, að þeir sjeu sem best málmtrygðir. Þess vegna er ekki rjett að hafa í lögum ákvæði, sem draga úr hvötinni til að tryggja þá, enda er ósann-

gjarnt í sjálfu sjer, að bankinn greiði vexti í rikissjóð af gulltrygðum seðlum, því að gullið liggur hjá honum vaxtalaust.

Um síðara atriðið skal tekið fram, að það sýnist ekki rjett að láta bankann borga í rikissjóð alla forvöxtu sína af neinum seðlum, því að seðlaútgáfunni fylgir kostnaður og áhætta nokkur við að lána seðlana út. Hinsvegar virðist rjett að láta bankann borga svo báa vöxtu af þessum hluta hinna útgefnu seðla, að hann hafi enga freistingu til að gefa út meira af seðlum en viðskiftin þurfa. Þetta meðalhóf virðist ratað með ákvæði gr., því að seðlaprentun og endurnýjun er talið að kosti sem næst 1% af seðlaupphæðinni í krónum, og fyrir áhættu virðist ekki ósanngjarnt að ætla 1%.

3. gr. þarfnast ekki skýringa.